

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 275/2014****2015/EES/71/22****frá 12. desember 2014****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/61/ESB frá 5. febrúar 2014 um framlengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 3k (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/502/EB) í XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 D 0061**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/61/ESB frá 5. febrúar 2014 (Stj. tíð. ESB L 38, 7.2.2014, bls. 43).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar 2014/61/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stj. tíð. ESB L 38, 7.2.2014, bls. 43.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.